



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 23. janúar 2023

2301041SA KB  
Málalýkill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um þjónustu við eldra fólk, S-13-2023**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 19. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að þingsályktunartillögu um þjónustu við eldra fólk 2023-2027.

Vinnan við þingsályktunina byggir á viljayfirlýsingu félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands eldri borgara um að auka samstarf varðandi málefni eldra fólks. Sambandið átti fulltrúa í verkefnastjórninni sem vann tillögurnar og hefur því átt góða aðkomu að málinu frá upphafi.

Eins og fram kemur í áætluninni er henni ætlað að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að skapa skýra framtíðarsýn um hvaða leiðir verði farnar til að bæta þjónustu við eldra fólk og vinna heildarstefnu sem felur í sér að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru, að ábyrgð á þjónustubáttum milli aðila sé skýr og að gráum svæðum verði útrýmt.

Aðgerðaáætlunin miðar við aldurshópin 67 ára og eldri eins og eðlilegt er. Liður í öldrunarstefnu þarf að engu að síður vera að koma á hentugri búsetuúrræðum og þjónustu fyrir hjúkrunarsjúklinga sem eru yngri en 67 ára, þannig að þörfum þess hóps verði mætt. Í því felst jafnframt að auka möguleika yngri hjúkrunarsjúklinga til samfélagsþátttöku. Eins og ráðuneytið þekkir vel er þetta eitt af svokölluðum gráum svæðum í velferðarþjónustu, sem mikilvægt er að fundin verði lausn á. Starfshópur um málefnið var skipaður af heilbrigðisráðherra í janúar 2022 og ættu tillögur því að liggja fyrir um lausn málsins.

Í nýrri stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 segir:

*“Sambandið vinni að framgangi viljayfirlýsingar um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk með það að markmiði að tryggja betri þjónustu við þennan hóp m.a. með samþættingu á þjónustu, forvörnum, heilsueflingu og aukinni virkni fólks.”*

Það er því mikill vilji hjá sveitarfélögum til að taka þátt í þeirri vinnu sem framundan er og þeim aðgerðum sem ætlunin er að ráðast í enda er sú staðreynd að þjóðin er að eldast ein af stóru áskorunum samfélagsins alls þ.m.t. sveitarfélaganna. Að mati sambandsins er einnig mikilvægt að huga vel að tengingu við önnur verkefni sem eru í gangi og skipta miklu máli til þess að boðaðar aðgerðir nái fram að ganga. Er þar t.d. átt við vinnu landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu enda er mönnun ein af stóru áskorunum í félags- og


heilbrigðisþjónustu. Þá er jafnframt í gangi vinna við að virkja ívilnunarheimildir í lögum um Menntasjóð námsmanna þannig að hægt sé að búa til hvata fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að vinna utan höfuðborgarsvæðisins. Þá skipta aðgerðir í lýðheilsumálum miklu máli í þessu samhengi.

Fjármögnun skiptir einnig verulegu máli og leggur sambandið mikla áherslu á að fjármögnun verkefnanna verði tryggð.

Sambandið lýsir sig reiðubúið til samstarfs um framkvæmd aðgerða sem snúa að samstarfi ríkis og sveitarfélaga, svo sem um efla heimaþjónustu, innleiða velferðartækni og endurskoða löggjöf til að greiða fyrir samstarfi og framþróun þjónustu. Ef vel tekst til við framkvæmd aðgerðanna, þær eru fullfjármagnaðar, verkstýring og eftirfylgni er skýr og tenging næst við önnur mikilvæg verkefni þá bindur sambandið vonir við að góður árangur náist í þessu mikilvæga máli.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri